

Yfirlit yfir starfssemina 1972

Inngangur

Yfirleitt hefur verið um að ræða ráðgefandi fiski-rannsóknir, og frumathuganir á stöðuvötnum. Sú stefna hefur því ríkt við söfnun gagna að afla sem flestra upplýsinga um aðalatriði á sem einfaldastan hátt. Því hafa ekki verið settar strangar vísindalegar kröfur við gagnasöfnunina, enda hefði slíkt dregið um of úr afkastagetunni. Aðaláherzla hefur verið lögð á að safna sýnum frá fiskstofnunum. Notuð var netasamstæða, sem veiðir nokkuð jafnt á allar lengdir af fiski frá 20 - 50 cm, og gefur sú aðferð hugmynd um stærðar-dreifingu viðkomandi fiskstofns. Allir fiskar hafa verið mældir og vegnir, auk þess tekin aldúrssýni eftir þörfum, kyn og kynþroski skráður, svo og aðrar upplýsingar er máli skipta. Magainnihald var ýmist grófgreint á staðnum eða sýni tekin til frekari greiningar í rannsóknastofu.

Secci-diskur var notaður við mælingar á sjóndýpi og vatnslit, og vendimælir við hitamælingar. Vatnssýni voru efnagreind á Rannsóknastofnun iðnaðarins. Botndýrasýni frá mjúkum botni voru tekin með lítilli Petersen botngreip og leðjan síuð í gegnum kopardúk með 0.6 mm möskva. Sýni voru varðveitt í 10% formalíni. Einnig voru gerðar lauslegar athuganir á fjöru, botngerð, grjóti, hrygningarskilyrðum og fleiru, sem þörf var á í hverju einstöku tilfelli.

Starfsemin

Úthaldsdagar, þ.e. sá dagafjöldi, sem unnið var að gagnasöfnun utan stofnunar, urðu samtals 62 og skiptust þannig:

Vegna rannsókna í Lárósi	14 dagar
" " " Meðalfellsvatni	5 "
" " " Veiðivötnum	4 "
" " " Skorradalsvatni	6 "
" " á Norðurlandi	12 "
" aðstoðar v.ranns. á Laxá í Þing	<u>9 "</u>

Afgangurinn 12 dagar dreifðist á ýmis smærri verkefni. Tekin voru rúmlega 1100 aldurs og vaxtarsýni af silungi frá 30 stöðum á landinu, aðallega úr vötnum. Flestra sýna var aflað á vegum stofnunarinnar, en nokkur voru send af áhugamönnum. Á um 20 þessara staða var aflað það margra sýna að allgóð mynd fékkst af fiskstofni viðkomandi veiðivatns og veiðieigendum hefur verið skrifuð skýrsla, þar sem gerð er grein fyrir ástandi vatnsins, ásamt ráðleggingum um réttar veiðiaðferðir og aðrar nauðsynlegar umbætur, sem stuðla að betri nýtingu fiskstofnanna. Á nokkrum stöðum hafa rannsóknir verið all ítarlegar og er meiningin að halda þeim áfram.

Þessir staðir eru Meðalfellsvatn, Lárós, Þingvallavatn, Skorradalsvatn, Hólmavatn á Tvídægru. Það sem helst hefur komið fram við þær rannsóknir og athuganir sem að framan greinir er, að flest vatnanna eru ofsetin fiski, þ.e. fiskstofnarnir eru of þéttir miðað við næringarframboð vatnanna. Stafar þetta m.a. af því að veiðiaðferðir hafa breyzt, þannig að netaveiði hefur orðið að víkja fyrir stangveiði samfara auknum friðunaraðgerðum, svo sem styttingu veiðitíma og aukinni friðun á hrygningarfiski.

Áður fyrr var silungur mest veiddur þegar auðveldast var að ná til hans, en það var þegar hann safnaðist á riðstöðvarnar til hrygningar. Það var stærsti fiskurinn, og oft meiri tími til að stunda veiðar á haustin þegar um fór að hægjast eftir sumarstörfun í sveitinni og á reið að afla forða til vetrarins. Þessar veiðiaðferðir eru nú að mestu horfnar, og það er e.t.v. orsök þess ástands, sem skapast hefur og um getur hér að framan.

Á bls 3 er tafla yfir vötn, sem sýni hafa fengið úr ásamt lauslegum ályktunum um jafnvægi fiskstofnanna í þeim. Ekki ber að taka flokkunina of bókstaflega, hún er meira gerð sem yfirlit.

Tafla I. Lauslegt yfirlit yfir jafnvægi fiskstofna í nokkrum ísl vötnum

Nafn	lands- hluti	ath ár	F i s k s t o f n a r				athugas.
			of fá- lið- aðir	í jafn- vægi	of þéttir	greinil ofsetið	
Svartárvatn	N	72		B			1)
Hreðavatn	V	72			U B		
Meðalfellsv.	SV	72			U	B	
Lárvatn	V	72		B			
Þingv.vatn	SV	72	U		(B)		vantar magnath á B.
Miklavatn	N	72	U			B	
Sléttuhl.v.	N	72			U B		
Svínavatn	N	72				U B	
Höfðavatn	N	72	B				
Gilsvatn	N	72		U		B	1)
Friðm.vatn	N	72					1) 2)
Þrístikla	N	72					1) 2)
Mjóavatn	N	72			B		1)
Vestm.vatn	N	72			(U B)		2)
Langavatn	S	72		U			
Nýjavatn	S	72	U				
Skálavatn	S	72	U				
St.Fossvatn	S	72		U			
Skorrad.v.	V	72			B		
Hólmavatn	V	71/2	U	B			
Heiðarvatn	S	72		U B			
Hítarvatn	V	72			U B		1)
Héðinsfj.v.	N	72			B		
Úlfsvatn	N	72					1) 2)
Réttarvatn	N	72					1) 2)
Annarvatn	N	72					1) 2)
Hestvatn	SV	71	U		B		
Miðfellsv.	SV	71	U	B			
Apavatn	SV	71		U	B		
Laugavatn	SV	71		U	B		2)
Hafravatn	SV	71			U	B	
Ellistövatn	SV	71		U B			
V.Vatnsh.v.	V	71	U B				
Hagavatn	V	71			UB		
Hvítarvatn	Hál	71			B		
Djúpavatn	SV	71				B	

1) sýni send stofnuninni

2) sýni of fá til að gefa mynd af fiskstofni

U = Urriði B = Bleikja

Hafin var kerfisbundin söfnun á murtusýnum úr Þingvallavatni, og voru sýnin fengin hjá niðursuðuverksmiðjunni Ora H/F. Kom í ljós að murtan 1972 var bæði smærri og eldri en 1937 og 38, þegar hún var rannsökuð af Árna Friðrikssyni. Ekki er fullvíst hvað veldur þessu, en sennilega hefur tegundajafnvægi vatnsins raskast þegar Sogið var virkjað.

Árið 1971 starfaði ég hjá Veiðimálastofnuninni í 2 1/2 mánuð yfir sumartímann, og á þeim tíma athugaði ég 12 vötn, og gekk frá öllum þeim gögnum, sem söfnuðust í sambandi við það. M.a. var gerð all ítarleg rannsókn á Djúpavatni á Reykjanesi.